

Nr. 18.  
20. október.

## Lög

um

lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.

**Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,**

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Heimild sú, sem með lögum 3. jan. 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina er veitt kaupstöðum landsins til að gjöra lögreglusamþykktir, skal ná til allra þeirra verzlunarstaða, er sveitarstjórn hafa út af fyrir sig, enda búi sýslumaður þar. — Viðkomandi hreppsnefnd býr til frumvarp til samþykktarinnar og skulu í henni vera ákvæði um það, hvernig greiða skuli gjöld þau, er hún hefur í för með sjer. Frumvarpið skal síðan senda sýslumanni, og gjörir hann við það þær athugasemdir, er honum þykir þurfa, og sendir það síðan stjórnarráðinu, er þvínæst gefur út samþykktina. Nú gjörir sýslumaður eða stjórnarráðið breytingar við frumvarpið, og skal þá leggja þær fyrir hreppsnefndina til álita. Þær breytingar, sem nefndin fellst ekki á, má eigi setja í samþykktina. Að öðru leyti fer um efni samþykktarinnar, staðlegt gildi, viðurlög, birting og breyting, sem segir fyrir um í framannefndum lögum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 20. október 1905.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

## LOV

om

Politivedtægter udenfor Købstæderne.

Nr. 18.

20.  
Oktober.

**Vi Christian den Niende**, af Guds Naade Konge til Danmark,  
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,  
Lauenborg og Oldenburg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

Den Hjemmel, som Købstæderne i Henhold til Lov om Politivedtægter for Købstæderne af 3. Januar 1890 har til at affatte Politivedtægter, udvides til at gælde ogsaa for alle saadanne Handelssteder, som udgør en særskilt Kommune, saafremt Sysselmanden er bosat sammesteds. — Vedkommende Repsforstanderskab udarbejder Udkast til Vedtægten, som skal indeholde Regler for, hvorledes de Udgifter til Politivæsenet blive at udrede, som de forskellige optagne Bestemmelser medføre. Udkastet indsendes til Sysselmanden, som med de Bemærkninger, hvortil han maatte finde Anledning, indstiller Sagen til Ministeriet, som udfærdiger Vedtægten. Naar Sysselmanden eller Ministeriet gør Forandringer i Udkastet, skulde disse forelægges Repsforstanderskabet til Erklæring. De Forandringer, som ikke tiltrædes af Repsforstanderskabet, maa ikke optages i Vedtægten. Forøvrigt komme de i fornævnte Lov indeholdte Bestemmelser angaaende Vedtægtens Indhold, lokale Omraade, Strafbestemmelser, samt dens Bekendtgørelse og Forandring, til Anvendelse.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 20. Oktober 1905.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

**Christian R.**

(L. S.)

**H. Hafstein.**

Islands Ministerium, den 20. Oktober 1905.

**H. Hafstein.**

**Ólafur Halldórsson.**